

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 2004

6. janúar 2004

5

Nr. 7

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Haukadalur II við Geysi í Biskupstungum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. október 2003 deiliskipulag fyrir íbúðarhúsi í landi Haukadals II í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir 1 íbúðarhúsi vestan við þjónustusvæði við Geysi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

6. janúar 2004

AUGLÝSING

Nr. 8

ríkisskattstjóra nr. 1/2004 um skilaskyldu og skilafresti á árinu 2004 fyrir launaskýrslur o.fl. skv. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ríkisskattstjóri hefur skv. 93. gr. laga nr. 90/2003 ákveðið að eftirtöldum gögnum vegna ársins 2003 skuli skilað til skattstjóra eigi síðar en *26. janúar 2004*. Sé gögnunum skilað á rafrænu formi framlengist fresturinn til *6. febrúar 2004*.

1. Launamiðar og greiðslumiðar (RSK 2.01) vegna launa, lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta o.fl. Á launamiðum komi m.a. fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda, styrkja, bóta eða annarra tekna. Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi endurgjald fyrir vinnu, bætur, styrki eða aðrar greiðslur sem skattskyldar eru skv. 7. gr. laga nr. 90/2003.
2. Verktakamiðar (á eyðublaði RSK 2.01). Skilaskyldir eru félög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar, sem innt hafa af hendi greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu).